



Styrkur og aðstoð

Sorginni fylgja ýmsar tilfinningar og það er einstaklingsbundið hvernig fólk bregst við og hversu langan tíma tekur að jafna sig eftir ástvinamissi. Prestar og djáknar búa yfir þekkingu til að veita stuðning þegar tekist er á við áföll eða erfiða reynslu. Sorgarúrvinnsla fer fram í viðtölum, sorgarhópum og einnig er hægt að leita leiða í sálgæslu sem hentar hverjum og einum. Ef þú hefur áhyggjur af einhverjum sem hefur misst ástvin og jafnvel einangrað sig, þá er ávallt hægt að leita til kirkjunnar um aðstoð og leiðbeiningar. Stuðningur við syrgjendur getur oft skipt sköpum.



Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.



Nánari upplýsingar á www.utforikirkju.is

Kjalarnessprófastsdæmi | Strandgata | 220 Hafnarfirði
Sími 5667301 | www.kjalapr.is



Þjónusta kirkjunnar við andlát




www.utforikirkju.is



Andlát

Að missa ástvin er reynsla sem flestir verða fyrir einhvern tímann á lífsleiðinni. Andlát ber misjafnlega að og raskar tilveru þeirra sem eftir standa. Sorgarferli hefst ýmist við skyndilegt fráfall, á dánarstundu eða í aðdraganda hennar, t.d. í langvarandi veikindum. Þjónusta kirkjunnar miðar að því að eiga samfylgd með fólki í gegnum sorg og áföll í næði og ró.



Hafa samband

Margar spurningar geta vaknað við andlát og við áfall er gott að fá leiðsögn og stuðning sem getur létt undir við næstu skref á viðkvæmum stundum. Auðvelt er að hafa samband við presta og starfsfólk kirkna sem er ávallt reiðubúið að koma þegar óskað er eftir, til samtals eða til að eiga bænastund með ástvinum við dánarbed á heimili eða sjúkrahúsi.



Undirbúningur kistulagningar og útfarar

Útför er falleg kveðjuathöfn þar sem ástvinir koma saman. Þar er miðlað huggun og von sem felst í kærleika, samhygð og nærveru og lögð áhersla á að þakka fyrir líf hins látna og hlýjar minningar. Eftir andlát eiga aðstandendur fund með prestri um undirbúning útfarar og þar gefst einnig tækifæri til þess að ræða það sem viðkemur sorginni. Einnig er æskilegt að eiga fund með organista sem aðstoðar við að velja sálma og tónlist. Útfararstofur aðstoða fólk við skipulagningu útfarar, gerð andlátstilkynninga, val á kistu, prentun sálmaskrár, að panta blómaskreytingar o.fl.

Mikilvægt er að börn og unglingar séu þátttakendur í sorgarferli og því nauðsynlegt að eiga samtál við þau um kistulagningu og útför og gefa þeim tækifæri til að spyrja, taka þátt og virða óskir þeirra. Prestar og djáknar geta aðstoðað við slíkt samtál og haft samveru með börnum fyrir útför eða kistulagningu sé þess óskað.